

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1990

Nr. 3

6

23. febrúar 1990

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „sjávarútvegsráðuneyti“ í 1. mgr. 4. gr. bætist: umhverfisráðuneyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir gildistöku laga þessara skipar umhverfisráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til laga um umhverfisvernd.

Gjört í Reykjavík, 23. febrúar 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.